



SVAR

Viðtakandi: Stafrænt ráð

Sendandi: Óskar J. Sandholt, sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Svar við fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um viðræður vegna Þjóðskjalasafns og áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um þróun og rekstur borgarskjalasafns og um flutning gagna frá Borgarskjalasafni til Þjóðskjalasafns

Á fundi stafræns ráðs þann 12. apríl 2023, var lögð fram að nýju svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, sbr. 28. lið fundargerðar borgarráðs frá 9. mars 2023:

Hvenær munu viðræður við ríkið hefjast vegna mögulegs flutnings Borgarskjalasafns til Þjóðskjalasafns? Hverjir munu fara fyrir viðræðunum við ríkið?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar þjónustu- og nýsköpunarsviðs með bréfi dagsettu þann 14. apríl 2023. Á fundi stafræns ráðs þann 12. apríl 2023, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, sbr. 38. lið fundargerðar borgarráðs frá 9. mars 2023:

Ítrekað hefur komið fram að Borgarskjalasafn hafi ekki fengið umbeðnar fjárveitingar til að þróa starfsemi safnsins áfram. Benda má á að heildarrekkstrarkostnaður safnsins er innan við 200 milljónir króna á ári og launakostnaður undir 100 milljónum. Flokkur fólksins óskar upplýsinga um eftirfarandi: A. Hvað veldur því að safnið hafi ekki getað þróast áfram? B. Af hverju var ekki séð til þess að safnið gæti haldið úti vefnum eins og önnur fyrirtæki/starfsstaðir/einingar á vegum borgarinnar sem sinna beinni þjónustu við fólkið?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar þjónustu- og nýsköpunarsviðs með bréfi dagsettu þann 13. apríl 2023. Á fundi stafræns ráðs þann 13. september 2023, var lögð fram að nýju svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, sbr. 34. lið fundargerðar borgarráðs frá 31. ágúst 2023:

Fyrirspurnin varðar lið 11 í fundargerð stafræns ráðs 23. ágúst þar sem lagt er fram svar við fyrirspurn Flokks fólksins um Borgarskjalasafn. Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um ferlið við að leggja niður Borgarskjalasafn en aðdraganda að ákvörðuninni er lýst m.a. í svari frá borgarritara. Hvernig verður flutningi gagna háttað frá Borgarskjalasafni yfir á Þjóðskjalasafn, stafrænt eða með öðrum hætti. Með hvaða hætti ætlar borgin að safna saman þeim gögnum og upplýsingum sem geyma á hjá Þjóðskjalasafni? Hvaða deild eða svið eða aðilar innan borgarinnar eigi að sjá um flokkun og úrvinnslu þeirra gagna sem senda á til Þjóðskjalasafns? Hver er framtíðarhugsunin varðandi þær gagnaeiningar sem nú þegar hafa orðið til undir þjónustu og nýsköpunarsviði?



Fyrirspurninni var vísað til umsagnar þjónustu- og nýsköpunarsviðs með bréfi dagsettu þann 14. september 2023.

Svar:

A. Hvað veldur því að safnið hafi ekki getað þróast áfram? B. Af hverju var ekki séð til þess að safnið gæti haldið úti vefnum eins og önnur fyrirtæki/ starfsstaðir/einingar á vegum borgarinnar sem sinna beinni þjónustu við fólkið?

Vísað er í umfjöllun um hindranir í þróun Borgarskjalasafns á bls. 17 í skýrslu um framtíðarfyrirkomulag Borgarskjalasafns, fylgiskjal við tillögu borgarstjóra sbr. 19. lið fundargerðar Borgarráðs frá 2. mars 2023.

Hvenær munu viðræður við ríkið hefjast vegna mögulegs flutnings Borgarskjalasafns til Þjóðskjalasafns? Hverjir munu fara fyrir viðræðunum við ríkið?

Vísað er í svar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um stöðu Borgarskjalasafns í skipuriti borgarinnar, sbr. 11 lið fundargerðar stafræns ráðs frá 23. ágúst 2023 þar sem fram kemur að „þjónustu- og nýsköpunarsviði var falið að fylgja ákvörðuninni eftir m.a. með því að ganga frá samkomulagi um útfærslu og framkvæmd við Þjóðskjalasafn.“. Þær viðræður fóru fram í kjölfar ákvörðunar borgarráðs og fyrir hönd Borgarskjalasafns Reykjavíkur voru staðgenglar borgarskjalavarnar Andrés Erlingsson, teymisstjóri rafrænna skila og Gunnar Björnsson, rekstrarstjóri. Í kjölfarið var útbúin aðgerðaáætlun sem kynnt var á fundi stafræns ráðs þann 23. október 2023, sbr. 1. lið fundargerðar ráðsins s.d.

Hvaða deild eða svið eða aðilar innan borgarinnar eigi að sjá um flokkun og úrvinnslu þeirra gagna sem senda á til Þjóðskjalasafns? Hver er framtíðarhugsunin varðandi þær gagnaeiningar sem nú þegar hafa orðið til undir þjónustu og nýsköpunarsviði?

Borgarskjalasafn og Þjóðskjalasafn hafa í sameiningu unnið aðgerðaáætlun um framkvæmdina. Með tilfærslu verkefna frá Borgarskjalasafni til Þjóðskjalasafns verður það hlutverk skrifstofu upplýsinga- og skjalastýringar hjá Reykjavíkurborg að hafa umsjón með skjalastjórn Reykjavíkurborgar, sinna innri ráðgjöf, þ.e. gefa út leiðbeiningar til starfsmanna, sjá um fræðslu til að tryggja góða stjórnarsýslu sem og að leiðbeina og aðstoða varðandi framkvæmd skjalastjórnunar innan borgarinnar samkvæmt reglum um skjalastjórnun. Skrifstofan verður einnig tengiliður Reykjavíkurborgar við Þjóðskjalasafn Íslands.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Óskar J. Sandholt,
sviðsstjóri